

BORGARRÁÐ 4. júlí 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um dagskrárvald í borgarráði - R19070055

Óskað er eftir svörum við því hvort búið er að taka dagskrárvaldið af kjörnum fulltrúum í borgarráði í ljósi neðangreinds. Það er sérlega alvarlegt þar sem borgarstjórn er í sumarleyfi og borgarráð fer með valdheimildir borgarstjórnar á meðan. Þetta er skýrt brot á samþykktum Reykjavíkurborgar. Fulltrúi Miðflokksins hefur í þrí- eða fjórgang óskað eftir að koma á dagskrá ráðsins úrskurði sveitastjórnarráðuneytisins frá 15. mars s.l., sem úrskurðaði að álagning vatnsgjalds hjá Orkuveitu Reykjavíkur var ólögmæt. Einnig var dagskrárbeiðninni fylgt eftir á þann hátt að óskað var eftir að ábyrgðaraðilar OR kæmu til fundar við borgarráð. Ekki hefur orðið við þessari beiðni og það kynnt í tölvupósti að formaður borgarráðs hafi ákveðið að fresta þessum dagskrárlið til haustsins. Þetta eru þöggunartilburðir. Í annan stað óskaði borgarfulltrúi Miðflokksins eftir því að aktívistaaðgerðir vinnuskólans fyrir ólögráða börn yrðu á dagskrá borgarráðs í dag. Eins og flestir vita fór vinnuskólinn af stað með verkefni er snéri að því að kenna börnum að útbúa mótmælaspjöld og leiða þau í mótmælagöngu á vinnutíma. Þessari tillögu var vísað til aukafundar í umhverfis- og heilbrigðisráði þar sem fulltrúar allra flokka sem kjörnir eru í borgarstjórn eiga ekki sæti. Þetta eru líka þöggunartilburðir.